

HEIMDALLUR VEIT SÍNU VITI

– Það er eitt sem mig langar að vita áður en við byrjum að þinga, sagði Heimdallur og horfði sínum björtu augum á Loka.

– Hvað er það? spurði Loki og geispaði.

– Hvaða gullnu þræðir eru það sem skreyta flíkurnar þínar?

Gullnu þræðir? Allir litu á Loka og síðan hver á annan. Þeir sáu enga þræði.

– Ég held að þú sért nú farinn að sjá ofsjónir, sagði Loki.

– Ég sé aðeins það sem er, sagði Heimdallur og nú var röddin nístandi köld. Hann teygði sig að Loka sem ýtti honum frá.

– Láttu mig í friði, hvæsti hann.

– Leyfið þið mér að skoða þessa þræði, hrópaði Sif. Hún þaut að Loka og virti hann fyrir sér.

– Ég sé ekkert, sagði hún vonsvikin.

– Auðvitað ekki, svaraði Loki hróðugur.

En nú var Þór nóg boðið. – Ég skal halda þessum væskli meðan þú tínir af honum það sem þú sérð en okkur er hulið, sagði hann við Heimdall. Heimdallur lét ekki standa á sér og fyrir en varði hafði hann tínt saman hrúgu af örmsmáum gullnum þráðum úr flíkum Loka.

– Hvað ætli þetta geti nú verið? sagði hann og bar þá að höfði Sifjar. Allir gægðust og nú sáu þeir þræðina.

– Loki, það er Loki sem hefur unnið þetta óhæfuverk! hrópaði hver upp í annan.

Þór reis á fætur og gekk til Loka: – Ég skal mölva í þér hvert bein, mala þig mélinu smærra, þú skalt ekki sjá sólina rísa að morgni, orgaði hann.

– Bíddu, bíddu, ég skal bæta fyrir þetta! kveinaði Loki.

– Bæta fyrir! Hvað ætli þú getir bætt fyrir, skíthæll!

öskraði Þór og kreisti Loka svo að brakaði í hverju beini.

Þá reis Sigyn á fætur og gekk til þeirra.

– Ég bið þig að sleppa Loka. Hann veit lengra nefi sínu og kann ýmis ráð. Ég trúi að skaðinn verði bættur.

Þór leit á hana, kreisti svo Loka í annað sinn og sagði:

– Hvernig þykistu ætla að bæta Sif þennan missi?

– Ég fer til svartálfanna og fæ þá til að smíða hödd úr gulli! veinaði Loki.

– Hann verður að vaxa eins og annað hár, öskraði Þór og kreisti enn.

– Auðvitað gerir hann það en ég kemst ekki ef þú verður búinn að brjóta mig allan og bramla, emjaði Loki.

– Slepptu honum, við skulum sjá hvað hann getur, sagði Sif sem vildi allt til vinna að fá hár sem fyrst.

Þór losaði tökin á Loka og hrinti honum niður af pallinum.

– Hundskastu þá af stað og þú skalt ekki voga þér að koma tómhentur heim.

Þau horfðu á eftir á Loka sem væflaðist burt, vesældarlegur í fyrstu en rétti smám saman úr sér uns hann gekk beinn og reffilegur eins og hann ætti alla veröldina.

Hvað sá Heimdallur á Loka sem aðrir sáu ekki?

Af hverju var Þór að halda Loka föstum? _____

Hvað tíndi Heimdallur úr flíkum Loka? _____

Hverja ætlaði Loki að fá til að hjálpa sér? _____

Úr hverju átti nýja hárið að vera? _____
